

Dalalæðan

1. tbl. 20. árg., 26. janúar 2007



Forsíðumyndin á 20 ára afmælslsriti Dalalæðunnar er eftir Þórunni Bjarnadóttur frá Mosfelli. Myndin er máluð með akrýlltum á tré.

Dalbúar fyrr og nú!


Fjölmennum á þorrablótlið
í Hlígarði 27. Janúar.
Húslð opnar kl. 19.

— Lelðarl —

Dalalæðan tvítug

Mikið vatn hefur runnið til sjávar úr Koldukvísl frá því fyrsta elntak Dalalæðunnar kom út fyrir tvelmur áratugum. Flest hefur breyst og Dalbúarnir, sem skiptuðgöu Jólaball fyrir börnlin sín fyrir 20 árum í Reykjadal, halda nú hátið með afa- og ömmubörnum.

Dalalæðan hefur elnnig tekdö mlikum breytingum. Fyrsta tölublaðöö var aðeins fjórar síður og unnið á gamla rítvéi á skrifstofu undirritaðs. Siðan hafa örar tækniframfarir á tölvuöld sett mark sitt á Læðuna. Hún hefur staðkað jañt og þétt, fjörlitun breyst í staf-ræna prentun og svart-hvitar myndir tekið á sig lit. Og enn er Dalalæðan mætt til leiks, horfir jañt til fortíðar sem framtíðar og mællir af munni fram:



Á tvítugum þófum eg læðist um laut lettstig i spori eins og prautþjálfað naut. Porrann ég blóta með Bakkusi og Tóta. Nu árið er liðið í aldanna skaut.

Bjarki Bjarnason.

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Sími: 586 8080 Fax: 586 8081

Með kveðju
frá V-Skaft

Læðan lipra tvítug er
lesið úr og eftir haft.
Hróður hennar víðar fer
heldur en í Vestur-Skaft.

Óskar P. G. Elriksson.

Dalalæðan

1. tbl. 20. árg., 26. janúar 2007.

Útgefandi: Íbúasamtök Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Auglýsingar: Hlynur Þórisson, Hulda Jónasdóttir og
Þórildur Scheving Thotsteinsson.

Forsíðumynd: Þórunn Bjarnadóttir frá Mosfelli.

Umbrot: Karl Tómasson.

Prentun: Prentmet ehf.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er boríð út á hvert heimili
í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merklsafmæll á árlnu 2007

85 ára

Svava Elíasdóttir í Víðigerði, 20. janúar.

80 ára

Salome Þorkelsdóttir í Reykjahlíð, 3. júlí.

60 ára

Pétur Jökull Hákonarson á Brávöllum, 5. júlí.

Erna B. Kjartansdóttir frá Grund, 30. ágúst.

Birgir Sigurðsson frá Reykjadal, 10. nóvember.

Ómar Runólfsson á Laugabóli II, 23. desember.

50 ára

Guðni Andrésson í Fagrahvammi, 21. júní.

Inga Elín Kristinsdóttir, 22. september.

**Dalalæðan óskar þessu ágæta fólk til hamingju.
Fólk er beðið um að láta formann félagsins vita
af stórafmælum árins 2008.**

Sjáumst

á þorrablótinu

Sögulegur fjárekstur



Á 4. áratugi síðustu aldar var greiðasala á Svanastöðum við Leirvogsvatn. Þar gistu örþreyttir Húnvetningar haustið 1933.

Á kreppuárnum ráku húnvetnskr bændur fjölda fíjár til slátrunar í Reykjavík þar sem þeir fengu hærra afurðaverð en norðanlands. Guðlaugur Guðmundsson tók þátt í slíkri ferð haustið 1933 og bíltist ferðasaga hans í tímaríthnu Húnvetningl árlö 1973.

Um 720 kíndur voru reknaðar þvert yfir Arnarvatnshöld, yfir Hvítá á lítlum brú hjá Barnafossi og loks vestan við Oklö og nlöur í Blngvallasvælt.

Eftir vikuferð komu fjárhírðarnir með reksturlinn að Kárástöðum og glistu þar. Næsta dag lento þeir í vonskuveðri en fengu óvænta hjálp hjá ungum Mosfellingl þegar mest lá við. Guðlaugur grelnir frá:

Veðrið var norðan stinningsgola, rigning og sorti með ógnþrunum regn-skýjum í norðrinu. Ekki vorum við komnir langt upp á Mosfellsheiði þegar hvessti, og brátt var hann skollinn á með stórrigningu og roki. Ósviknu norðanhreti ...

Okkur miðaði hægt áfram enda móti

veðri að sækja. Um rökkur komum við loks á eyrarnar meðfram Bugðu, er fellur í Leirvogsvatn, og voru þá bæði menn og skepnur að þrotum komin. Hundurinn var meira að segja hættur að geta rekið upp bofs. Þetta var erfiðasta dagleiðin, jafnvel enn verri en í óveðrinu á Arnarvatnsheiði, enda höfdu þá hvorki menn né skepnur fengið ferðalúa. Það var ekki létt verk að reka þreytt fé gegn veðri eins og því, sem þann dag ríkti á Mosfellsheiði, og það á hestum, sem rétt er hægt að mjaka úr sporunum beint áfram en standa eins og eintrjánigar eigi að víkja þeim til hliðar.

Við urðum því að ganga meira þennan dag en nokkru sinni áður á leiðinni. En það er erfitt að ganga álútur fram í veðrið í þykkum og stirðum olíustakki.



Ólafur Magnússon frá Mosfelli að skemmta á þorrablóti Dalbúa.

Það er ekki löng leið frá Bugðu að Svanastöðum, en samt held ég helzt að við hefðum ekki komið að Svanastöðum þetta kvöld, ef okkur hefði ekki borizt hjálp. Við vorum orðnir þegjandi hásir af öllu öskrinu þá um daginn, og var þá fátt eftir til þess að þoka fénu áfram.

Er við vorum komnir spölkorn upp í móana og holtin, sem taka við af

eyrunum meðfram Bugðuá, hætti féð gersamlega að rekast. En þá barst okkur óvænt hjálp. Það var Ólafur Magnússon, prests á Mosfelli, sem oftast er kallaður Ólafur frá Mosfelli og leikur manna bezt jólasvein fyrir börnin. Hann kom nú flugriðandi með hund sinn og sagðist vera kominn til þess að hjálpa okkur ... Nú brá fénu svo við skærð hvellmiklu hljóðin í manni og hundi, að það rakst viðstöðulítið á áfangastað á túnið á Svanastöðum, en Ólafur var þá til heimilis hjá móður sinni Valgerði Gísladóttur, er þá bjó ekkja á Svanastöðum.

Við gistum á Svanastöðum þessa nótt og fengum að hafa féð þar. Aldrei hef ég verið feginari að hátta en betta kvöld, eftir góðar viðtökur fólks, sem fyllti bæinn birtu og hlýju, þótt stormur og regn berðu að utan.

Auglýsing í Dalalæðunni ber árangur



Dalsgarður

- við gerum rósir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannesson rósabóndi/rosefarmer
Dalsgarður 270 Mosfellsbær Ísland
Sími/tel. +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

Ferðapjónustan og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Síml: 566-7098, 820-0320

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason.

Rannsóknarferð að Bjarnarvatni

Sumarið 2003 urðu þáttaskil í rannsóknum í Mosfellsbæ en þá héldum við frændsystkinin, Vilborg Bjarkadóttir og Guðbrandur Jóhannesson, á slóðir skepu úr fortíðinni sem flokkast til skrímsla. Viðfangsefnið var hinn ógurlegi nykur sem hefur verið lýst sem steingráum hesti með öfuga hófa. Þetta fornfræga dýr átti lögheimili í Bjarnarvatni, sunnan við Mostellsdal.

Dag einn þegar sól skein í heiði og kindur léku við hvurn sinn fingur bar nykurinn á góma. Í knöppu en nota-drjúgu hádegishléi var rannsóknaráætlunin **Nykur 2003** framkvæmd og þennan örlagaríka dag héldu tveir áðurnefndir dalbúar á brattann á móts við örlög sín.

Skemmt er frá því að segja að við snöruðum öllum helstu rannsóknum og mælingum af í hvínandi hvelli og helstu niðurstöður voru eftirfarandi: Ekkert svifdýr fannst í vatninu og nykurinn




Vilborg rannsakar náttúru landsins.

hafði greinilega flutt sig um set. Botninn á vatninu var eitt leðjustykki þar sem örsmáir hryggleysingjar undu glaðir við sitt. Vatnið var dýpst fyrir miðju, tæpur metri.

Fyrirhugað er að rannsaka nærliggjandi vötn því líklegt er að nykurinn hafi ekki farið langt.

Vilborg og Guðbrandur.



Bjarnarvatn rannsakað. Mesta dýpi vatnsins reyndist aðeins vera um einn metri.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu Dalalæðunnar:

Ernir og Sólveig í Seljabrekku
Helga og Logi í Selvangi
Monique í Selholti
Þóra og Bjarki á Hvírfli
Lovísa og Magnús á Hraðastöðum
Bára og Páll á Hraðastöðum 5
Jenný og Guðni í Fagrahvammi
Sigríður og Rafn á Hraðastöðum 4
Eygerður og Jóhannes á Hraðastöðum 1
Nína og Bjarni á Hraðastöðum 6
Klara og Bjarni á Hraðastöðum 3
Guðmundur og Jóna María í Skjóli
Hreinn og Herdís í Helgadal
Fólkviði í Melkoti
Ólafur og Þóra í Roðmóa 19
Emil og Olla í Lækjarnesi
Elsa Rún og Reynir í Bókfelli
Fjölskyldan Túnfæti
Páll og Katrín í Lundi
Rakel og Jói í Lundí 3
Hlynur og Ýr í Hlaðvarpa
Valur og Guðrún á Minna-Mosfelli
Gísli og Anna í Brekkukoti
Guðrún og Sigurður í Sigtúni
Jón og Sigríður Anna á Mosfelli
Hörður og Sigurlaug á Reykjaflöt
Ólöf og Helgi í Hlöðunni
Stefán og Guðný á Víðibakka

Helga og Erlingur í Reykjadal
Þórunn og Björn á Varmalandi
Bjössi og Særún í Mosskógum
Guðbjörg í Reykjadal
Guðlaug og Baldur frá Reykjadal
Helena og Gíslí í Hveramýri
Gunna og Mundi í Skuld
Erna og Stefán í Árvangi
Þórildur og Gummi
þýrí og Skúli á Röðli
Unnur og Jón á Æsustöðum
Sigríður í Dalsgarði
Helga og Rúnar á Norður-Reykjum
Reykjahlíðardrottningin í Reykjahlíð
Pétur og Kolbrún á Brávöllum
Signý og Jón á Furuvöllum
Reynir Holm á Víði
Ása og Ólafur á Hrísbру
Andrés og Hólmfríður á Hrísbru
Óskar Þ. G. Eiríksson og dóttir
Auður og Ómar á Laugabóli 2
Gróðrarstöðin Laugabóli
Hulda og Garðar í Víðigrund
Örn Kjærnested á Laugabakka
Guðlaug og Kolbeinn á Laugabakka
Guðni og Arna á Víðigrund
Salome og Jóel í Reykjahlíð

Dalalæðan þakkar fyrir veittan stuðning.

Þeim, sem vilja styrkja útgáfu Dalalæðunnar, er bent á bankareikninginn
0315-13-700185. Kennitala Vígðols er 641198-2779.

**Guðjón S. Valgeirsson
tannlæknir.
Urðarholti 4.
Sími: 566 - 6992**

GLITNIR

Gamlar þorrablótmyndir




Frá vinstri: Hlíf Gunnlaugsdóttir Æsustöðum, Halldóra Jóhannesdóttir Mosfelli, Þórarinn Jónasson Laxnesi og Sverrir Kristinsson frá Mosfelli.



Skemmtikraftar kvöldsins: Gísli Jóhannsson, Einar Scheving, Hanna Birgisdóttir og Sigurður Andrésson.



Gísli Jónsson í Arnarholti, Gísli Þ. Magnússon Varmárbrekku, Sigrún Hjálmtýsdóttir Túnfæti, Þorkell Jóelsson Túnfæti og Sigurður Narfi Jakobsson Reykjadal.



María Hákonardóttir frá Grund, Gerður Jóhannsdóttir frá Dalsgarði, Einar Björnsson frá Litlalandi og Jóhann Jónsson Dalsgarði.

Sumarhátíð Dalbúa 1987




Sumarhátíð Dalbúa 1987



Dýralæknirinn í Mosfellsbæ

Fverholti 2 Kjarna



Sigurður Narfi Jakobsson

Reykjadal

Fæddur. 7. maí 1926, dáinn 4. júní 2006

Vorið í dalnum opnar hægt sínu augu,
- yljar á ný með vinabrosi ljúfu.

Eins og þá barnið rís af rökkursvefni,
rauðhvítar stjörnur ljóma á grænni þúfu.

Jóhannes úr Kötum.

Það var kaldur haustmorgunn í Mosfellsdal fyrir tæpum sjötíu árum þegar drengur á tíunda ári var sendur riðandi upp á Mosfellsheiði til að leita eftirlegukinda. Hann reið upp Mosfellsdalinn, það hélaði á pollum og kaldur norðangarrinn blés um dalinn. Drengurinn talaði um það löngu síðar, og þá orðinn fullorðinn, að það hefði bjargað honum í kuldalanum og myrkru ã einhver góðhjörtruð manneskja hefði laumað í hnakktöskuna brennivínspela í sokk.

Oft síðan átti þessi sami drengur eftir að fara þessa sömu heiði á öllum tínum sólarhringsins og í öllum mögulegum og ómögulegum veðrum. Hann þekkti orðið heiðina eins og lófana á séri, öll örnefni, stokka og steina. Skemmtilegast þótti honum að fara þangað riðandi á sumarkvöldum um Jónsmessubil þegar nótt er björt á Íslandi og heiðin ör af óttusöng. Þá jafnaðist ekkert á við það að setjast á stein við Borgarhóla og upplifa augnablikið um miðnött þegar náttúran sefur og vaknar á næsta augnabliki og fuglarnir syngja.

Stundum flugu hvítir svanir austur fyrir í átt til Bingvalla. Síðan var stigið á bak og klárinn láttinn lötra í átt til byggða og það gutlaði í hnakktöskunni. Þá var hægt að taka undir með skáldinu Einari Ben. "að knapinn á hestbakri er kóngur um stund, kórónulaus á hann ríki og álfur."

Drengurinn komst á heiðina daginn áður en hann kvaddi til þess að athuga hvort grös heiðarinnar væru sprottin og hægt að sleppa þangað sauðfé. Hann komst að því að þau væru óðara að spretta og enn heyrðist þar fuglasöngur og sást mófuglinn nettur.

Ferðirnar á heiðina verða ekki fleiri, það er komið að leiðarlokum. Ég kveð föður minn Sigurð Narfa, hann var góður faðir. Sögurnar hans verða sagðar næstu kynslóðum og minningin um hann mun lifa um ókomna tið.

Birgir.

JAKO ÍPRÓTTAVÖRUR

Phone: (354) - 566 7310

Mobile: (354) - 896 0131

Fax: (354) - 566 7241

E-mail: namo@namo.is

www.namo.is

Box: 285

Bank: 549-26-4333

Cip code: isbaisre

Johann Gudjonsson

NAMO EHF.
Ástand 18 • 270 Mosfellsbær • ICELAND

Álaufoss verksmiðjusala

Opið virka daga kl. 10-18

laugardaga kl. 10-14

Sími: 566-6303 Fax: 566-8330

Verið velkomin.



Guðjón Bjarnason frá Seljabrekku

Guðjón Bjarnason, lengst af bóndi á Seljabrekku í Mosfellsdal, lést 18. júlí sl. á Borgarsíðalánnum.

Andlát Guðjóns kom flestum, sem hann þekktu á óvart. Bæði var hann í blóma lífsins og eins hafði myndast sú goðsögn um hann, að hann hefði fleiri líf en kötturinn, þ.e. fleiri en níu líf. Það má segja, að þrautseiga Guðjóns við ýmsar erfiðar aðstaður, hafi nánast verið með ólíkendum. Þar var hann í líki heiðarbónans, sem ekkert beit á. Hugarró og jafnvægi einkenndi allar gjörðir Guðjóns, þegar á reyndi.

Sá sem þetta ritar og Guðjón voru sem nánir fóstbræður fyrstu ár uppaxter okkar í sveitinni á Seljabrekku. Frá fimm ára aldri til unglingsára. Ég man er ég kom að Seljabrekku í fyrsta sinn. Það var í byrjun sumars, - veður gott, margmenni í kringum bæinn. Mér fannst allt umhverfið ógnarstórt og framandlegt. Ég staulaðist niður að bæjarlæknum, (Jónselslæk), og þar hitti ég rauðhærðan dreng á svipuðu reki, sem greinilega var að flýja margmennið við bæinn. Við þurftum engrar kynningar við, en hófum að leika okkur að legg og skel.

Síðar þegar við uxum úr grasi töku við hin venjulegu bústörf öll sumur. Heyskapur með orfi og ljá og rakað með hesti. Reyndar var einnig slegið með tveimur hestum og man ég enn hversu fælnir í hestarnir voru þegar glamraði í sláttuvélinni.

Okkar leikvöllur eða starfsvið var landsvæðið á milli Esjufjalla og Grímannsfells. Hestar voru ekki í afgirtu heldur voru sumir í hafti yfir nóttnina. Oft þurfti að byrja daginn á því eftir mjaltir að leita hestanna, sem gátu verið farnir upp í Esju, upp í Grafardal eða í Neðri-Sögum, sem eru mórarflákar við Leirvogsána sunnanvert.

Síðar að loknum kvöldmjöltum riðum við Guðjón oft yfir í Seljadal eða suður í Vótn (Sandskeiðið). Þar voru oft hestmög stóð. Talsvert af strokuhestum héðan og þaðan á járnnum. Og riðum við þeim gjarnan hratt yfir heiðina til baka. Oft for öll nóttni í þessa þeysireið. Og við að prófa hinn og þennan hestinn, sem gjarnan voru styggir og hrekkjöttr.

Mikið hestaprang var á Seljabrekku, sem annars staðar. Og þekkt er sú sanna saga að Guðmundur bóndi fór eitt sinn með árs gamlan kálf að heiman en kom heim þremur dögum síðar með two gæðinga og greiddi ekkert á milli. En þessi viðskipti þóttu með ólíkendum flókin og bárust fyrst um allt Kjalarnesið og síðan Kjósina og endaði í Reykjavík.

Guðjón fæddist 15. okt. 1944 á Seljabrekku og ólst nánast alfaríð þar upp hjá afa sínum og ömmu, Guðmundi Þorlákssyni og Bjarnveigu Guðjónsdóttur, öðlingshjónum, sem þekkt voru af lífsgleði, menningu og gestrisni.

Guðjón fór í Bændaskólann að Hólum, og þar kynntist hann eiginkonu sinni Sigurlaugu Björnsdóttur, frá Framnesi í Skagafirði og eignaðist með henni fjögur mannvænleg börn: Bjarnveigu, Guðmund Höð, Unu Birnu og Björn. Þau Silla skildu og síðar eignaðist hann eina dóttur Svövu, sem býr í Noregi.

Búskapur í venjulegu tilliti var Guðjóni ekki hugleikinn, að mér fannst. Hans áhugamál voru vélar, bifreiðar og flugvélar. Hann var með flugpróf og flaug litlum rellum en hefði gjarnan viljað verða atvinnuflugmaður. Hann hafði allt sem til þurfti til þess, en skyldan kallaði annað.

Hann var afar hlýr maður, skyldurækinn og ráðagóður. Einstaklega velviljaður öllu folki. Án for-dóma. Hann var gæddur eiginleikum, sem fólk finnst oft á tiðum sjálfsgöðir ef þeir fannst í fari annarra en eru fáseðir í reynd hjá þeim sjálfum. Um Guðjón fóstbróður minn má nota orð heim-spekingsins Nietzsche: ódaðleikinn er banvænn (mann kann sterben von Unsterblichkeit). Þeir sem lifa lífi sínu og eru sjálfum sér trúir eru ódaðlegir en óþekktir öðrum.

Ernir Snorrason, Seljabrekku.

MOSFELLINGUR

Frjálst og óháð bæjarblað

Auglýsing í Dalalæðunni

ber ótvíráðan árangur.

Auglýsingadeildin.

Dalalæðan þar sem
metnaður er lagður
í hverja auglýsingu



ísfugl

Reykjavégur 36 Mosfellsbær
Sími: 566 6103 - Fax 566 6762

SS GÍSLASON

Kt. 491194-2009

VIÐGERÐIR ehf.

SMIÐSHÖFDI II

SÍMI: 587 2060
FAX: 587 2070

Steinar Gísla

H. sími: 566 6541

Snorri Gísla

H. sími: 566 6595

GSM: 894 3229

BÍLASÍMI: 854 3229

Vörubílar – Jeppar
Bílaviðgerðir – Breytingar
Gírkassaviðgerðir

Mosblikk ehf

Bifreiðaverkstæði
Guðvarðar
og Kjartans.

Sími 566 - 6257

Ferðahestar Hestaleiga ehf.

Símar: 894-7200 og 566-7600

- Afmælisveislur
- Fermingarveislur
- Sælkeraveislur
- Jólahlaðborð
- Þorrablót
- Árshátiðir
- Brúðkaupsveislur
- Erfisdrykkjur
- Ráðstefnur
- Fundir
- Ættarmót
- Pinnamatur
- Hlaðborð
- Smáréttir

Hlégarður



VEISLUGARDUR

Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097



KB BANKI

Snæland videó

REYKJABÚÐ

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800



Fverholti 2

*Hlin
Blómahús*
Mosfellsbæ



Vinnustofa Póru á Hvírfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.

Ný sending. Allar stærðir. Tilvalið fyrir og eftir þorrablót.

73% árangur 6 klst rafhlaða.

Alma P. G. Óskars. fagmennska til fjölda ára. Sími: 566 - 567

Annáll ársins 2006

Porrablót

Porrablótið var haldið í Hlégarði þann 28. janúar. Mæting var góð og ekki brást maturinn hjá Vigni. Brak og brestir tóku á móti gestum af sinni alkunnu snilld. Veislustjóri var Daði Þór Einarsson og lék hann á als oddi, reitti af sér brandara og tók lagið. Birgir Sig. var að vanda með annál ársins (enda æviráðinn). Síðan var dansað fram eftir nóttu við undirleik hljómsveitarinnar Blek og byttur.

Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Bakkakoti 17. nóvember sl. Vilmundur Gíslason framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra var gestur fundarins. Að tilefni 20 ára afmæli Dalbúafélagsins Víghóls gaf félagið Reykjadal 50.000 krónur.

Að þessu sinni gaf stjórn félagsins ekki kost á sér áfram. Ný stjórn var því kosin og í henni eru Hlynur Þórisson, Hulda Jónasdóttir og Þórhildur Scheving. Nýja stjórnin skipti þannig með sér verkum: Hlynur formaður,

Hulda ritari og Þórhildur gjaldkeri. Þóra Bjarnadóttir er varaþaður og Gísli Snorrason endurskoðandi.

Um leið og ég óska nýrri stjórn góðs gengis þakka ég gott samstarf liðinna ára.

Áramótavarðeldur

Áramótavarðeldurinn var mjög veglegur og logaði glatt í bálkestinum í góðu veðri. Brak og brestir sáu um að blástur og bumbuslátt ásamt nýjum forsöngvara (Tóti í Skuld). Þökk sé þeim fyrir góða skemmtun.

Dalalæðan

Stjórn Víghóls stendur að baki okkar frábæra ritstjóra Bjarka Bjarnasyni við efnissöfnun og útgáfu blaðsins. Bestu þakkar til allra sem styrkt hafa útgáfuna. Núverandi og fyrrverandi dalbúar bíða allt árið eftir næsta blaði. Bjarki, til hamingju með blaðið og bestu þakkar fyrir öll 20 blöðin. Sjáumst hress á porrablótinu

Gógó Karls.

Porrablót Dalbúa 2007

Dalbúar, brotfluttir og gestir, mætum öll í Hlégarð laugardaginn 27. janúar. Húsið opnar kl. 19. Brak og brestir lyfta líðrum kl. 19.30 og borðhald hefst kl. 20.

Veislustjóri verður Rafn Jónsson.

Hljómsveitin Dalton leikur fyrir dansi.

Miðaverð er 4500 krónur en eftir borðhald 1500 krónur.